



2. fundur
Stjórn Hafnasjóðs Norðurlands
haldinn Fundarsalur hafna Norðurlands 5,
miðvikudaginn 27. júlí 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Eiður Pétursson formaður, Kristján Friðrik Sigurðsson varaformaður, Áki Hauksson aðalmaður og Þórir Örn Gunnarsson hafnarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórir Örn Gunnarsson, hafnarstjóri.

Dagskrá:

1. Samgönguáætlun 2023-2027 - 202206106

Endurnýjun umsóknar hafnasjóðs um verkefni á samgönguáætlun 2023-2027

Stjórn Hafnasjóðs Norðurlands fór yfir endurnýjun umsókna hafnasjóðs um verkefni á samgönguáætlun 2022-2027.

Í ljósi mikilla breytinga á hafnarstarfsemi á Húsavík, þeim aðstæðum sem geta skapast í höfninni og mögulegum verkefnum sem eru til skoðunnar er nauðsynlegt að ráðast í heildstæða hönnun á hafnarsvæðum og greina hvað þarf að gera til að auka viðleguöryggi og skapa viðunandi aðstæður til að nýta sem best þá fjárfestingu sem er til staðar. Greina hvað þarf að gera til að sinna þeim verkefnum sem þegar er til staðar og þegar og ef önnur verkefni verða að veruleika.

Stjórn Hafnasjóðs Norðurlands óskar eftir samþykki sveitastjórnar Norðurlands að farið verði í heildstæða hönnun á hafnaraðstöðu á Húsavík.

2. Hafnarmál 2022 - 202202113

Ýmis mál hafna Norðurlands

Stjórn Hafnasjóðs Norðurlands ætlar að hitta fyrir hagsmunaaðila sem nýta sér hafnaraðstöðu Norðurlands.

Nú þegar hefur Stjórn Hafnasjóðs Norðurlands haldið fund með forsvarsmönnum PCC. Tilfni fundarins var að hefja formlegar umræður um hafnaraðstöðu við Húsavíkurhöfn gagnvart núverandi rekstri og framtíðarplönunum fyrirtækisins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.